

Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2012
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um ökutækjutryggingu (heildarlög) á 140. löggjafarþingi, þskj. 1171 - 733 mál
Tilv. 2012050013

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl 2012.

Með frumvarpinu er lagt til að ökumaður sem stjórnar ökutæki verði einungis tryggður slysatryggingu ökumanns og eiganda í almennri umferð. Almenn umferð verði skv. 3. gr. frumvarpsins umferð á vegum sem eru opnir almenningi. Þessi nýja tillaga um að slysatrygging ökumanns og eiganda skuli einungis gilda á vegum sem opnir eru fyrir almennri umferð gengur ekki upp. Slysatrygging ökumanns og eiganda á rætur sínar að rekja til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en þar segir að hver ökumaður sem ökutæki stjórnar skuli tryggður sérstakri slysatryggingu enda verði slysið rakið til notkunar ökutækisins í merkingu 88. gr. umferðarlaga. Þegar af þessum sökum er ekki hægt að þrengja gildissvið slysatryggingar ökumanns og eiganda með þeim hætti sem gert er ráð fyrir.

Hér er um að ræða mikla breytingu á gildissviði slysatryggingar ökumanns og eiganda, sem fær ekki staðist. Með frumvarpinu er gildissvið slysatryggingarinnar þrengt þannig að ökumaður og eigandi ökutækis skuli ekki tryggður fyrir slysum ef hann ekur bifreiðinni utan vega eða til dæmis á túnum. Er þá gert ráð fyrir að bændur þurfi að kaupa sérstaka váttryggingavernd svo þeir verði tryggðir slysatryggingu þegar þeir aka utan vega við landbúnaðarstörf o.þ.h.? Og þá fyrir sjálfa sig en ekki farþega í bifreiðinni? Ekki er gert ráð fyrir að gildissvið ábyrgðartryggingar verði þrengt. Þess vegna á farþegi í ökutæki sem verður fyrir slysi utan vega sem opnir eru fyrir almennri umferð, rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins. Eigandi ökutækisins ætti ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ef hann slasast sem farþegi í sama slysi.


Með frumvarpinu er lagt til að gildissviðið verði þrengt þannig að tryggingin nái eingöngu til meðferðar ökutækja og annarar umferðar á vegum sem eru opnir almenningi. Hvað þýðir meðferð ökutækja og er ætlunin að hverfa frá notkun hugtaksins „notkun“, sbr. umferðarlög? Í lagaákvæðum sem hafa gilt um skaðabótaábyrgð vegna bifreiða hefur hugtakið notkun verði haft allt frá því fyrstu bifreiðalögin voru sett árið 1914. Og er ætlunin að þrengja gildissviðið þannig að slysatryggingin nái ekki til notkunar ökutækja á einkavegum, sem eru ekki opnir almenningi?

Samkvæmt athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins er markmiðið fyrst og fremst það að slysaftryggingin nái ekki til ökutækja í leik og keppni. Með því að lögin nái fram að ganga í núverandi mynd er gildissvið slysaftryggingarinnar hins vegar takmarkað þannig að það nær ekki notkunar bænda á hefðbundnum ökutækjum við störf í sveitum. Þá nær það ekki til notkunar hefðbundinna samgöngutækja sem ekið er utan vega, þrátt fyrir að slíkur utanvegaakstur sé eftir atvikum heimill samkvæmt lögum. Til dæmis er akstur utan vega heimill á miðhálandi sem er nýtt sem landbúnaðarland. Þá er heimilt að aka ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu, línulagnir, vegalagnir, björgunarstörf, rannsóknir og fleira. Nái frumvarpið fram að ganga eru ökumenn þessara ökutækja ekki tryggðir slysaftryggingu.

Bændasamtökin telja mikilvægt að frumvarpið nái ekki fram að ganga í núverandi mynd. Að tryggð verði að gildissvið slysaftryggingar ökumanns og eiganda verði ekki þrengt þannig að hún nái ekki til hefðbundinnar notkunar ökutækja þótt ekki sé um að ræða notkun á vegum sem eru opinir almenningi.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.